

Föstudaginn 18. október 1946.

Nr. 69/1946. Réttvísing og valdstjórnin

(Hrl. Ragnar Ólafsson)

gegn

Friðrik Jónssyni (Hrl. Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Bifreiðarslys. Manndráp af gáleysi.

Dómur hæstaréttar.

Bifreið ákærða rann a. m. k. þrjár lengdir sínar, frá því að ákærði byrjaði að hemla og þar til hún nam staðar. Má af því ráða, að henni hafi verið ekið óhæfilega hratt, eins og á stóð. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó þannig, að refsing ákærða verði 60 daga varðhald og að hann sé sviptur ökuleyfi 3 ár.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, 500 krónur til hvors.

Rannsókn þessa máls er í ýmsum greinum ábótavant. Lögreglumenn fóru ekki á vettvang fyrr en daginn eftir, að slysið varð, enda þótt lögreglunni væri tilkynnt það samdægurs. Réttarpróf er ekki hafið fyrr en 28. september f. á. og því eigi haldið áfram með nægilegum hraða. Hvorki hefur ákærði né farþeginn í bifreiðinni verið spurðir um það, hvort ákærði hafi gefið hljóðmerki, er hann nálgadist börnin. Er þetta aðfinnsluvert.

Dómsorð:

Ákærði, Friðrik Jónsson, sæti varðhaldi 60 daga. Hann skal sviptur ökuleyfi 3 ár.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verj-

anda í hæstarétti, hæstaréttarlögmennanna Ragnars Ólafssonar og Sveinbjörns Jónssonar, 500 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 12. febrúar 1946.

Ár 1946, þriðjudaginn 12. febrúar, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Bergi Jónssyni sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 3553/1945: Réttvísinn og valdstjórnin gegn Friðrik Jónssyni, sem tekið var til dóms 24. janúar s. l.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Friðrik Jónssyni bifreiðarstjóra, Ránargötu 10 hér í bæ, fyrir brot gegn XXIII. kafla hegningarlaga nr. 19 12 febr. 1940, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 og umferðarlögum nr. 24 16. júní 1941.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 25. september 1904. Hinu 10. október 1944 var hann með réttarsætt sektaður um 20.00 krónur fyrir ólöglegan flutning fólks, en að öðru leyti hefur hann eigi, svo kunnugt sé, sætt ákæru né refsingu. Hinn 15. ágúst s. l. vann ákærði með bifreið sinni, vöruflutninga-bifreiðinni R 2644, að malarakstri í veg á Sandskeiði. Síðari hluta dagsins, þegar ákærði var hættur vinnu, ók hann bifreiðinni vestur Suðurlandsbraut áleiðis til Reykjavíkur. Við hlið hans í stýris-húsinu sat Gunnleif Kristín Sveinsdóttir, sem á þeim tíma var matráðskona hjá vegavinnuflokknum á Sandskeiði, en aðrir voru ekki í bifreiðinni. Farmur var enginn á bifreiðinni, og hún var samkvæmt prófun lögreglunnar daginn eftir í góðu lagi. Veður var gott og þurrt, en sólskinslaust.

Þegar ákærði ók fram sjá Baldurshaga um klukkan 5,30 síðdegis, varð þriggja ára gömul stúlka, Erna Guðrún, dóttir Karls Svavars Þorsteinssonar veitingamanns á Baldurshaga fyrir bifreiðinni og beið bana af. Framan við veitingastaðinn Baldurshaga, sem stendur við Suðurlandsbrautina, er vegurinn sem næst 9 metra breiður, malborinn, en frá vegarbrúninni og heim að húsinu er malborið svæði, sem næst 11 metra breitt frá vegi að húsi og alllangt, og er enginn eða litill sem enginn hæðarmunur á veginum og þessu svæði, og er til þess ætlað, að aka megi bifreiðum hindrunarlaust af veginum inn á svæðið, hvar sem er, og öfugt. Er vegurinn og svæði þetta glöggt sýnt á hinum framlagða uppdrætti. Þenna dag fóru Erna heitin og tvö systkini hennar, 5 ára og 2 ára, til berja og voru að koma úr þeirri ferð, þegar slysið varð.

Þegar ákærði, sem var að öllu leyti vel fyrir kallaður, kom í

námunda við Baldurshaga, ók hann á vinstri vegarhelmingi með á að gizka 45 km hraða, miðað við klukkustund. Þegar hann tók eftir börnunum, sem þá stóðu í hóp á norðurbrún vegarins framundan vesturenda hússins, telur hann bifreiðina hafa verið í um 65 metra fjarlægð frá þeim. Virtist honum börnin vera róleg og engin merki sýna þess, að þau ætluðu yfir veginn. Ákærði ók áfram með óbreyttum hraða, en þegar hann átti ófarna um eina bifreiðarlengd að börnunum, hljóp Erna heitin þvert inn á veginn. Um leið og ákærði sá það, beygði hann til vinstri og hemlaði bæði með fót- og handhæmlum, og álitur hann sig hafa hemlað eins mikið og unnt var. Þegar hann hafði breytt stefnu bifreiðarinnar, varð hann þess var, að barnið lenti á bifreiðinni, og virtist honum það lenda utan á hægri frambretti eða stigbretti. Telur hann, að barnið hafi þá verið komið á syðri vegkantinn. Bifreiðin stöðvaðist, þegar hún var komin rúmlega hálfa aðra lengd sína frá þeim stað, er ákærði telur hana hafa rekizt á barnið, og um þrjár lengdir bifreiðarinnar frá þeim stað, sem ákærði byrjaði að hemla á. Þegar bifreiðin hafði numið staðar, lá barnið meðvitunarlaust um eina lengd bifreiðarinnar aftan við hana.

Framanskráð atvikalýsing er samkvæmt framburði ákærða. Vitnið Gunnleif Kristín Sveinsdóttir, sem hjá honum sat í bifreiðinni, hefur skýrt frá atvikum efnislega samhljóða ákærða, svo langt sem skýrsla hennar nær. Hún kveður ökuhraðann hafa verið venjulegan utanbæjarhraða og alls ekki mikinn. Segir hún ákærða hafa dregið úr ökuhraða bifreiðarinnar, þegar hann nálgast börnin, en eigi kemur það þó alls kostar heim við skýrslu ákærða sjálfs.

Eigi voru önnur vitni að slysinu. Heimafólk í Baldurshaga var inni, þeim megin í húsinu, er frá veginum sneri.

Strax og ákærði hafði stöðvað bifreiðina, tók hann barnið upp og bar það inn í húsið, og tók faðir þess við því. Var síðan farið með það í skyndi á Landspítalann í bifreið, sem þarna var stödd. Þar andaðist það um kl. 8 síðdegis sama daga af afleiðingum slyssins. Við krufninguna kom í ljós höfuðkúpabrot og blæðing á heilann og innvortis lemstur, sem útlit var fyrir, að orsakast hefðu af miklum þunga, sem lagzt hefði ofan á bringsmalir barnsins. Bendir þetta til þess, að barnið hafi að einhverju leyti orðið undir hjóli bifreiðarinnar, en ákærði telur þó útilokað, að svo hafi verið.

Faðir barnsins hefur haldið því fram, að bifreið ákærða hafi staðnæmzt lítið eitt fjær árekstrarstaðnum en ákærði hefur haldið fram. Ósannað er, að svo hafi verið, og verður gengið út frá skýrslu ákærða um þetta atriði.

Þar sem ákærði sá þrjú smábörn á vegbrúninni framundan, bar honum skylda til að gæta sérstakrar varúðar gagnvart þeim,

því að af börnum á þessum aldri má ætíð búast við skyndilegum og gálauslegum hreyfingum, enda reyndist svo í þetta sinn. Verður að telja það skyldu bifreiðarstjóra, þegar eins stendur á og barna, að aka eigi hraðar en svo, þegar komið er í námunda við börnin, en að unnt sé að stöðva bifreiðina þegar í stað, ef börnin hlaupa inn á veginn. Ákærði gætti ekki þessarar varúðar, og þykir hann því hafa ekið of hratt, eins og á stóð. Þetta varð meðorsök slyssins og þykir varða ákærða refsingu samkvæmt 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, 26. gr., 1. mgr., og 27. gr., 1. mgr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23, 16. júní 1941 og 4. gr., 3. mgr., sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24, 16. júní 1941.

Refsingin þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga. Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna þykir bera að svipta ákærða bifreiðarstjóra-réttindum í 1 ár.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Sveinbjörns Jónssonar, kr. 300.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Friðrik Jónsson, sæti fangelsi í 30 daga.

Ákærði skal sviptur bifreiðarstjóraréttindum í eitt ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Sveinbjörns Jónssonar, kr. 300.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 25. október 1946.

Nr. 153/1945. Réttvísín (Hrl. Gústaf A. Sveinsson)

gegn

Jóhanni Hermanni Júlíussyni

(Hrl. Sveinbjörn Jónsson)

og

Sigurði Björnssyni (Hrl. Lárus Fjeldsted).

Setudómari próf. Gunnar Thoroddsen
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Manndráp af gáleysi.

Dómur hæstaréttar.

Ákærði Jóhann Hermann Júlíusson þykir með vísun til þeirra raka, sem í héraðsdómi greinir, hafa unnið til refs-